

Strætó bs.  
b.t. Jóhannesar S. Rúnarssonar

13. nóvember 2019

### **Ályktun Foreldrafélags Fossvogsskóla**

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla mótmælir eindregið tillögu Strætó um að hefja akstur um Stjörnugróf og opna fyrir umferð um götuna yfir á Smiðjuveg. Umferð barna hverfisins yfir og í kringum götuna er mikil og engan veginn ásættanlegt að öryggi þeirra sé fórnað fyrir strætó. Er þessum hluta hverfisins nú þegar þjónað frá Bústaðavegi, Reykjanesbraut og Smiðjuvegi.

Uppbygging Fossvogshverfisins einkennist af nánd við umhverfið og að gera gangandi og hjólandi hátt undir höfði. Við foreldrar leggjum áherslu á að börnin okkar gangi og hjóli til skóla og frístunda. Aukning umferðar um hverfið og aðskilnaður Blesugrófarhlutans frá hverfinu með þessum hætti er með öll óásættanlegt.

F.h. stjórnar Foreldrafélags Fossvogsskóla

Karl Óskar Þráinsson  
formaður